

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um vímu- og fikniefnabrot
á þjóðhátíð í Eyjum, Sónar og Secret Solstice.

Frá Helga Hrafni Gunnarssyni.

Hver var fjöldi vímu- og fikniefnabrota árið 2014 á þjóðhátíð í Eyjum, Sónar og Secret Solstice og:

- a. hversu mikið magn vímu- og fikniefna var gert upptækt,
- b. hversu margir greiddu sektir,
- c. hversu oft leiddi brot til skráningar í sakaskrá,
- d. hversu mörg mál þurfti að fella niður?

Svar óskast sundurliðað eftir hátíðum og einnig eftir neyslubrotum og sölubrotum, þ.e. hvort ætla mátti að vímu- og fikniefnin væru til einkaneyslu eða til sölu.

Skriflegt svar óskast.